



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 16. mars 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, 279. mál.

Tilv. 202103-0006

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 2. mars sl, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, 279. mál (þingskjal 312 – 151. löggjafarþing).

Með tillögunni er lagt til að umhverfis- og auðlindaráðherra verði falið að útbúa tillögur um heimildir til tímabundinni og skilyrtra veiða á tilteknum tegundum fugla utan hefðbundins veiðitíma í þeim tilgangi að stemma stigu við ágangi þeirra á ræktarland.

Á yfirstandandi löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. 368. mál (þingskjal 460 – 151. löggjafarþing). Þar er lögð til í 43. gr. heimild til handa Umhverfisstofnunar að veita tímabundnar og skilyrtar undanþágu frá friðunarákvæðum. Til að veita megi slíka undanþágu er gerð krafa um *óvenju mikinn ágang*, hversu mikinn ágang er átt við er óskýrt.

Allt að einu liggur fyrir að tjón af völdum ágangs villtra fuglategunda er umtalsvert, um það vísast m.a. til skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um tjón af völdum álfta og gæsa árin 2014 og 2015. Nauðsynlegt er að bregðast við með viðeigandi aðgerðum en svipaðar varnir hafa verið notað hérlandis árum saman án tilætlaðs árangurs þar sem fuglarnir aðlagast þeim jafnóðum. Óháð mögulegum lagabreytingum sem snúa að heimildum Umhverfisstofnunar telja Bændasamtökin brýnt að bændum verði veitt skýr og fyrirsjáanleg heimild til að verjast ágangi ásamt því að unnin verði stjórnar- og verndaráætlun stofnanna.

Að því sögðu fagna Bændasamtökin tillögunni og eru fulltrúar þess jafnframt reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrímsdóttir